

hliðsjón af málavöxtum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, dánarbú Guðmundar P. Kolka, greiði stefnanda, Júlíusi Halldórssyni, kr. 56.000,00 með 6% ársvöxtum frá 5. október 1955 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. júní 1959.

Nr. 128/1958. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Wallace Boden (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóupprátt staðarákvarðanir í máli þessu. Reyndist staður gæzluflugvélarinnar Ránar yfir skipi ákærða hinn 13. apríl 1958 kl. 19.09 um 1,5 sm., kl. 19.12 um 1,4 sm. og kl. 19.16 tæplega 0,9 sm. innan fiskveiðimarkanna og staður flugvélarinnar kl. 19.52 yfir dufli, sem hún hafði varpað í sjó kl. 19.14, rúmlega 0,9 sm. innan sömu marka. Gæzlumenn framkvæmdu staðarákvarðanir þessar með hornamælingum, og er þeim eigi hnekkt af neinu, sem fram hefur komið í málinu. Er með þeim sannað, að ákærði hefur verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna og brotið gegn lagaboðum þeim, sem í ákæruskjali eru talin.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 100.000,00 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Wallace Boden, greiði 100.000,00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar og Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmannanna, kr. 5.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 15. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1615/1958: Ákærvaldið gegn Wallace Boden, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Wallace Boden, skipstjóri á brezka togaranum Loyal, GY-344, til heimilis á 30 Robson Road, Cleethorpes, Lincolnshire, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara síðdegis sunnudaginn 13. apríl 1958 vestur af Vestmannaeyjum innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. ágúst 1921 í Liverpool, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrir hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Guðmundar Kjærnesteds, skipstjóra í þjónustu landhelgisgæzlunnar, eru málavextir þessir:

Sunnudaginn 13. þ. m. var gæzluflugvélin Rán á eftirlitsflugi fyrir vestan Þrídranga á austurleið. Kl. 19.04 var flogið í miðinu: Einidrang bar í n-brún Helliseyjar, fjarlægð í Einidrang um 10 sjómílar. Um leið mældust nokkrir togarar um 45° á stjórnborða í fjarlægð 3,5 til 4,0 sjómílar. Þar eð sýnt þótti, að hér mundi vera um fiskveiðibrot að ræða, var þegar farið að þeim togara, sem virtist vera grynnt, en hann togaði í SA-læga stefnu, en beygði út um, skömmu áður en flugvélin kom að honum.

Kl. 19.09 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir þessum togara, Loyal, GY-344, sem var að toga með stjórnborðsvörpu: Einidrang bar í n-brún á Stórhöfða, fjarlægð í Einidrang um 8,0 sjómílar. Gefur þetta stað togarans um 1,4 sjómílar fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 19.12 var gerð önnur staðarákvörðun yfir togaranum, sem togaði nú í v-læga stefnu:

Þrídrangaviti	>	$15^\circ 23'$
Einidrangur \triangle		
Geirfluglasker (miðjan)	>	$26^\circ 45'$

Um leið sást, hvar Einidrang bar syðst í Eiðið norður af Stórhöfða. Gefur þetta stað togarans um 1,4 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 19.14 var settur út belgur rétt aftan við togarann í kjölfar hans.

Kl. 19.16 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:

Þrídrangaviti	>	$14^\circ 09'$
Einidrangur \triangle		
Geirfluglasker (miðjan)	>	$28^\circ 04'$

Um leið sást, hvar Einidrang bar í hæðina uppi af Stakkavík. Gefur þetta stað togarans um 0,9 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 19.22 var togarinn að draga inn vírana, og var þá skotið að honum stöðvunarskoti. Þar sem sýnt þótti, að togarinn væri örugglega fyrir innan fiskveiðitakmörkin, og þar sem um fleiri skip var að ræða, sneri flugvélin sér að næsta skipi.

Kl. 19.52 var gerð staðarákvörðun yfir belgnum, sem settur var út kl. 19.14:

Þrídrangaviti	>	14° 18'
Einídrangur Δ	>	27° 56'
Geirfuglasker (miðjan)	>	27° 56'

Gefur þetta stað belgsins um 0,9 sjómíllur fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 19.58 var kallað á togarann með loftskæptum, og svaraði hann nær samstundis. Var hann beðinn að bíða eftir v/s Albert, en síðar var því breytt í v/s Hermóð, en bæði þessi skip voru á leiðinni á vettvang eftir beiðni flugvélarinnar.

Kl. 20.10 kom v/s Hermóður að síðu togarans, þar sem hann var að ljúka við að taka inn stjórnborðsvörpu. Var óskað eftir því úr flugvélinni, að v/s Hermóður færi með togarann til Reykjavíkur til frekari rannsóknar. Einnig var v/s Hermóði vísað á belginn og hann beðinn að taka hann og gera á honum staðarákvörðun, ef unnt væri.

Þegar kl. var orðin 20.30, var myrkur að skella á og versnandi veður. Gat flugvélin þá eigi verið lengur á staðnum og hélt kl. 21.33 til Reykjavíkur.

Veður kl. 19.00: v-kaldi, skýjað, skyggni um 20 sjómíllur.

Hornamælingarnar gerðu Guðmundur Kjærnested skipstjóri og Þröstur Sigtryggsson stýrimaður, hvor með sínum sextant, sem þeir lásu báðir af, en loftskæptamaðurinn, Garðar Ingi Jónsson, gerði ratsjárathuganirnar. Flugstjórinn, Guðjón Benedikt Jónsson, gaf merki um, hvenær flugvélin var beint uppi yfir togaranum og belgnum. Flughraði við mælingarnar var um 100 sjómíllur á klukkustund og flughæð yfir togaranum 400—500 fet, en yfir belgnum 200—300 fet.

Allir hafa þessir menn staðfest sem vitni og með eiði mælingarnar og að skilyrði til mælinganna hafi verið góð, mælistaðir greinilegir. Loftskæptamaðurinn og Ásgeir Þorleifsson flugmaður köstuðu út belgnum og sáu báðir, að hann kom niður um 2—3 skips lengdum aftan við togarann. Í honum var lína, 250 yards, og fyrir akker var 10—15 kg málmstykki.

Guðmundur Kjærnested skipstjóri ber, að belgurinn hafi komið niður um 2—3 skips lengdum aftan við togarann, og í næsta aðflugi að togaranum, eftir að belgnum var kastað, sá flugstjórinn hann skammt aftur undan togaranum.

Skýrsla Guðna Thorlacius, skipstjóra á v/s Hermóði, er á þessa leið:

„Síðastliðinn sunnudag var skipið stutt vestan við Vestmannaeyjar á leið til Reykjavíkur, þegar flugvél sást sveima fyrir fram-

an skipið yfir togurum, sem þar voru. Enn fremur heyrðist gæzluflugvélin Rán vera að kalla í varðskipið Albert í radió. Varð þetta til þess, að v/s Hermóður svaraði Rán, sem óskaði þess, að Hermóður tæki fastan togara, sem hún hefði staðið að meintum ólöglegum veiðum. Var strax haldið til hans, og voru nánari atvik þessi:

Kl. 19.28 var staður v/s Hermóðs: Þrídranga \neq Einidrang, fjarlægð 3,8 sjómíllur, vegmælir 28,7, stefna r/v 308°, sem er rétt innan við fiskveiðitakmörkin.

Kl. 19.58 miðast togarinn 10° til stjórnborða, fjarlægð 2,1 sjómíla, vegmælir 33,4. Siglt með fullri ferð að togaranum, sem sneri í þessu til að draga inn vörpuna, sem var stjórnborðsvarpa.

Kl. 20.10 var staðnæmzt við togarann. Vegmælir 35,5. Var þá eftirfarandi athugun gerð með ratsjá:

Álsey miðast í r/v 111°, fjarlægð 16,0 sjómíllur. Þrídrangar miðast í 92°, fjarlægð 11,0 sjómíllur, dýpi 88 metrar.

Togarin, sem reyndist vera Loyal, GY-344, var að taka inn vörpuna. Varðmenn voru settir um borð í hann, og var lagt af stað til Reykjavíkur kl. 21.45. Áður hafði varðskipið farið að belgnum, sem flugvélin hafði kastað út, og gert við hann staðar-ákvörðun: n.k. Stórhöfða laus við Einidrang, radiófjarlægð frá Álsey 15,7 sjómíllur, dýpi 88 metrar. Kl. 21.30 var belgurinn tekinn inn og var þá vel fastur.

Á meðan á töku togarans stóð, var vestan 4—6 vindstig og tilsvarendi sjór. Skyggni: skúrir, en bjart á milli.

Mæling varðskipsins á stað belgsins er í samræmi við mælingu flugvélarinnar á stað hans.“

Þessa skýrslu hefur I. stýrimaður varðskipsins, Ólafur Gísli Jóhannesson, staðfest að öllu leyti, og báðir hafa þeir, skipstjórninn og stýrimaðurinn, staðfest skýrslur sínar með eiði.

Ákærði viðurkennir að hafa verið að veiðum með stjórnborðsvörpu, þegar flugvélin kom yfir togarann, og hafa dregið inn vörpuna, meðan flugvélin sveimaði yfir honum, en eigi getur hann um það sagt, hvað klukkan var, í þessu sambandi. Hann neitar því að hafa verið innan fiskveiðitakmarkanna í þetta sinn og heldur því fram, gagnstætt öllum landhelgisgæzlumönnum í flugvélinni, að sökum dimmviðris hafi ekki verið skilyrði til hornamælinga. Sjálfur kveðst hann engar slíkar mælingar hafa getað gert vegna dimmviðris.

48 klukkustundum áður en flugvélin kom yfir togarann, kveðst

hann hafa sett út fiskidúfl með ljósi á, flaggi og radar-reflektor, og merkti hann stað dufls þessa á sjókort sitt nokkru utan fiskveiðitakmarkanna. Stað þess kveðst hann hafa fundið með því að mæla með ratsjá fjarlægðina til Geirfuglaskers, 13 sjómílur, og Kvennagönguhóla, 32 sjómílur. Þegar flugvélin kom yfir togarann, mældi hann á sama hátt til sömu staða, og var þá $16\frac{1}{2}$ sjómíla til Geirfuglaskers og $28\frac{1}{2}$ sjómíla til Kvennagönguhóla. Þegar varðskipið kom að togaranum, mældi ákærði enn fjarlægðir sínar frá sömu stöðum, og voru þá 16 sjómílur til Geirfuglaskers og 29 sjómílur til Kvennagönguhóla. Þá staði, sem hann taldi þessar mælingar sýna, merkti hann á kort sitt, og eru þeir talsvert utan fiskveiðitakmarkanna. Eigi kveðst ákærði við þessar mælingar hafa athugað, í hvaða stefnu mælistaðirrir voru frá togaranum.

Ákærði heldur því fram, gagnstætt áðurnefndum skýrslum þeirra, sem í flugvélinni voru, að belgurinn, sem kastað var úr flugvélinni, hafi komið niður langt fyrir innan togarann, og hafi stormur og flughraði vélarinnar valdið þessu. Kveðst hann aldrei hafa séð belginn á sjónum.

Eigi minntist ákærði á fiskidúfl sitt við varðskipsmenn. Eftir að rannsókn málsins var hafin, leitaði varðskipið Ægir að dúfli þessu og fann á umræddum slóðum dúfl, sem ákærði fullyrðir, að sé fiskidúfl sitt. Varðskipsmenn mældu stað dufls þessa og reyndist hann vera:

Þrídrangar	> 11° 59'
Einidrangur	> 37° 27'
Geirfuglaskersviti	> 37° 27'
Þríhyrningur	> 37° 51'
Ellidæy n.k.	> 41° 29'
Geirfuglaskersviti	> 41° 29'

Er staður þessi mjög skammt fyrir utan fiskveiðitakmarkalínuna.

Undir rannsókn málsins voru dómkvaddir tveir kunnáttumenn til að athuga ratsjár flugvélarinnar, varðskipsins Hermóðs og togarans. Hafa þeir gefið vottorð um athuganir sínar, og kemur þar fram, að ratsjá flugvélarinnar er í mjög góðu lagi.

Með mælingum landhelgisgæzlumanna í flugvélinni, studdum af mælingum skipstjóra og stýrimanns á v/s Hermóði, telur dómurinn sannað gegn staðhæfingum ákærða, að hann hafi í

umrætt skipti verið á þeim stöðum, sem mælingar landhelgisgæzlumanna sýndu, og að botnvörpuveiðum var hann, svo sem viðurkennt er.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 580,70 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Loyal, GY-344, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Ágúst Fjeldsteds hrl., kr. 2.000,00.

Dóm þennan kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Wallace Boden, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Loyal, GY-344, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Ágúst Fjeldsteds hrl., kr. 2.000,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
